

Til skólastjórnenda grunn- og framhaldsskóla, skólaskrifstofa og sveitarfélaga

Dreifibréf vegna undanþága til lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa

Skýlt er að auglýsa öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í sérstökum tilvikum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er skólastjórnendum heimilt að ráða án auglýsingar. Til að uppfylla kröfur laganna ber skólastjórnendum í grunn- og framhaldsskólum að fylgja ákveðnum reglum og verklagi. Frekari upplýsingar um undanþágur má nálgast [hér](#) og um tilkynningar kennsluréttindanema [hér](#).

Sæki enginn kennari um auglýst kennslustarf við grunn- eða framhaldsskóla, þrátt fyrir endurtekna auglýsingu, geta skólastjórnendur:

1. Sótt um undanþágu til mennta- og barnamálaráðuneytis til að lausráða umsækjanda, sem ekki hefur leyfisbréf kennara, að hámarki til eins árs í senn.

Mennta- og barnamálaráðuneyti getur, að fenginni tillögu undanþágunefndar kennara, veitt heimild til lausráðningar starfsmanns sem ekki hefur leyfisbréf.

Nauðsynlegt er að **allar upplýsingar og fylgigögn sem óskað er eftir** fylgi með umsókn, m.a.:

- Upplýsingar um efnisinnihald auglýsingar hvað varðar hæfi til starfans. **Ekki** er þörf á að senda skjáskot af auglýsingum.
- Gögn um menntun, kennsluferil og starfsreynslu umsækjanda. **Ath. Nefndin byggir mat sitt á upplýsingum um menntun, kennsluferil og starfsreynslu umsækjanda og öðrum atriðum er fram koma í umsögn er snerta hæfi hans til starfans sbr. umsögn skólastjórnenda um hæfni.**
- Rökstuðningur skólastjóra og a.m.k. tveggja skólanefndarmanna ef umsækjandi án réttinda er tekinn fram yfir umsækjanda með leyfisbréf.

Ath. Ef um er að ræða umsókn vegna kennslu í skólaíþróttum **ber að tilgreina sundkennslu sérstaklega.** Umsóknir vegna sundkennslu eru samþykktar með þeim fyrirvara að viðkomandi starfsmaður taki hæfnipróf sundstaða, sbr. [reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum](#). Hið sama gildir um forfallakennslu.

Mælst er til þess að starfsmaður sem sinna á kennslustarfi sé ekki settur á launaskrá fyrr en undanþáguheimild liggur fyrir.

2. Tilkynnt um ráðningu kennsluréttindanema

Ef umsækjandi leggur stund á nám til kennsluréttinda er skólastjórnenda heimilt að ráða viðkomandi til allt að tveggja ára, að fenginni staðfestingu um nám frá viðkomandi skóla og áætlun um námsframvindu. Það er ekki heimilt að endurráða starfsmann sem er ráðinn á þessum grundvelli að afloknum þeim tíma án undangenginnar auglýsingar.

Skólastjórnendum **er skýlt að tilkynna slíkar ráðningar til mennta- og barnamálaráðuneytis.** Með tilkynningu skal senda staðfestingu háskóla á námi eða námsframvindu.

Senda skal tilkynningu á vef Stjórnarráðsins [hér](#).

Vakin er athygli á því að mennta- og barnamálaráðuneyti hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 95/2019 og er heimilt á grundvelli þeirra að kalla eftir upplýsingum frá skólum um ráðningu í kennslustörf og er skólum skýlt að veita þær upplýsingar.